

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 58/2006**

**frá 2. júní 2006**

**um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2005 frá 30. september 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 203 frá 26. maí 2005 um breytingu á ákvörðun nr. 170 frá 11. júní 1998 um samantekt skrána sem kveðið er á um í 4. mgr. 94. gr. og 4. mgr. 95. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 3.51 (ákvörðun nr. 170) í VI. viðauka við samninginn:

„– **32005 D 0965**: Ákvörðun nr. 203 frá 26. maí 2005 (Stjtið. ESB L 349, 31.12.2005, bls. 27).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar nr. 203, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. júní 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. júní 2006.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 339, 22.12.2005, bls. 22, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 66, 22.12.2005, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 349, 31.12.2005, bls. 27.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***R. Wright***

formaður.